

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, verslunar- og þjónustusvæði V4, Oddabraut 24, Þorlákshöfn.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 8. janúar 2015 breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn Ölfuss þann 6. nóvember 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst þann 4. desember 2014.

Í breytingunni felst að íbúðarsvæði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði V4 0,08 ha að stærð, þar sem gert er ráð fyrir gistiheimili í flokki III.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 8. janúar 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.